

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði mánudaginn 2. sept. 2014 kl. 20:00. Fundur nr. 741

Mætt eru: Bjarnveig, Edda Kamilla, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður.  
Forföll boðaði: Sigurður Eiríksson.

1. Bjarnveig setti fund kl: 20:00
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
3. Innsend bréf.
  - a. Bréf dagsett 1. sept. frá FRÍ: Dagskrá FRÍ þingsins sem haldið er á Akureyri 6-7 sept. lagt fram til kynningar.
  - b. Bréf dagsett 1. sept. frá FRÍ, þar sem fram kemur að 144 fulltrúar frá 20 samböndum eiga rétt til setu á þinginu, lagt fram til kynningar.
  - c. Kjöbréf vegna FRÍ þings lagt fram til kynningar. Gengið var frá kjörbrefum til þingsins og það sent til FRÍ.

Sambandsaðilar hafa sent inn tuttugu og eina tillög fyrir FRÍ þingið.

#### 4. Samningur við Bústólpa.

Syrktarsamningur við Bústólpa var undirritaður á dögnum. Á samningstímanum veitir Bústólpi árlegan fjárstyrk til sambandsins líkt og í fyrri samningum. Nýjung að þessu sinni er að Bústólpi mun á samningstímanum veita árlega sérstakan styrk til uppbyggingar barna- og unglingastarfi. Stjórn UMSE færir Bústólpa þakkir fyrir dyggilegan stuðning við starf sambandsins.

5. Fundur með ÍSÍ.
  - a. Líney framkvæmdastjóri ÍSÍ hafði samband við skrifstofu samandsins, tilkynnti að til stæði að hafa fund á Akureyri 13. sept. þar sem boðaðir yrði fulltrúar UMSE og aðildarfélag þess. Einnig yrðu fulltrúar ÍBA. Á fundinum yrðu Lárus, forseti ÍSÍ, Líney, framkvæmdastjóri ÍSÍ og Halla, skrifstofustjóri ÍSÍ. Fundarefni er kynning á starfsemi ÍSÍ og kynning frá okkur um starfsemi. Frekari upplýsingar vegna fundarins mun berast síðar.
6. Stefnumótandi fundur.
  - a. Ekki er búið að ráða faglegan ráðgjafa vegna vinnu að framtíðarstefnumótun sambandsins. Unnið er að því að finna hæfan einstakling í verkið.
  - b. Ákveðið að sækja um styrk í landsmótssjóð UMSE, vegna ráðningar ráðgjafa sem kæmi að framtíðarstefnumótun sambandsins, umsókn lesin yfir og samþykkt.
7. Rekstrarstyrkir vegna 2015.
  - a. Búið er að senda bréf til sveitarfélaga (Dalvíkurbyggðar, Hörgársveitar, Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps) og óska eftir styrkveitingum fyrir árið 2015. Samþykkt að ráðast í innheimtu á styrkum frá sveitafélögum, fyrir árið 2014 sem fyrst.

#### 8. Knattspyrnumót UMSE.

- a. Hið árlega knattspyrnumót UMSE var haldið á Hrafnagili 26. ágúst. Vel á annað hundrað iðkendur voru skráðir til leiks. Almenn ánægja var með skipulag og framkvæmd mótsins. Óskað verður eftir skýrslu frá knattspyrnunefndinni um mótið.
9. Önnur mál.
- a. Bjarnveig ræddi um stöðu þjálfaramála hjá UFA, iðkendur eru ekki sáttir við þá þjálfun sem þeir fá, rætt um að endurskoða þjálfarasamning, ákveðið að fresta ákvörðun vegna þjálfaramála fram á haustið.
  - b. Bjarnveig sagði frá hugmynd um að halda uppbyggileg námskeið fyrir unga iðkendur. Rætt um að halda markmiðs og heilsuteingd námskeið tengslum við æfingarbúðir á Dalvík eftir áramótin.
  - c. Bjarnveig sagði að kominn væri tími á að taka til í geymslu UMSE í Búgarði. Ákveðið að fara í það verkefni sem fyrst.
  - d. Beiðni barst frá framkvæmdarstjóra sambandsins þar sem óskað er eftir styrk vegna á námskeiðs, sem hann hyggst sækja „Þjónandi forysta” Fundarmenn tóku vel í erindið.
  - e. Ráðningarsamningurog launamál framkvæmdarstjóra sambandsins rædd, Bjarnveigu og Einari falið að endurskoða ráðningarsamning og launamál framkvæmdarstjórans.
  - f. Þorgerður ræddi um heiðranir á FRÍ þinginu, fundarmenn sammála um að fjölga þurfi umsóknum hvað varðar heiðranir á vegum UMSE. Bjarnveig hefur samband við FRÍ og kannar hvort of seint sé að leggja inn tilnefningar um heiðranir á FRÍ þinginu.
  - g. Einar ræddi um 100 ára afmæli UMSE, fundarmenn veltu upp hugmyndum um hvernig ætti að minnst þess merka áfanga.
10. Næsti fundur ákveðin mánudaginn 13. okt. kl 20:00 Þorgerður kemur með veitingar.
11. Fundi slitið kl: 21:46.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---